

162. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

21. október 2008, kl. 10:00 á Austurvegi 56

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Örn Þórðarson, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun 2009.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2009. Miklar breytingar eru fyrirjánaðlegar á árinu og ýmsar forsendur óvissar. Lögð verður fram endanleg tillaga að fjárhagsáætlun fyrir næsta fund.

2. Ársskýrsla.

Kynnt voru fyrstu drög að ársskýrslu fyrir árið 2007. Framkvæmdastjóra falið að ljúka skýrslu fyrir næsta fund.

3. Aðalfundur 21. nóvember.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands verður á Hvolsvelli 21. nóvember n.k. Ögmundur Einarsson kemur á fundinn og kynnir stöðu svæðisáætlunar.

4. Bláa tunnan.

Niðurstaða kærunefndar. Stjórn SOS gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu kærunefndar útboðsmála. Sveitarfélagið Ölfus og Árborg eru að undirbúa blátunnuverkefnið í samræmi við framkomnar hugmyndir.

5. Svæðisáætlun.

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu verkefnisstjórnar og sameiginlegan fund stjórnna samstarfsaðila.

6. Förgun ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstrinum síðustu vikunar. Málið rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:55

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 28. október kl 10:00